



STERKAR STRANDIR

FRAMTÍÐARSÝN OG MARKMIÐ



DESEMBER 2020

Sigurður Líndal Þórisson
Fyrir hönd verkefnisstjórnar
Sterkra Stranda







Inngangur

Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir markmiðum og framtíðarsýn verkefnisins Sterkar Strandir. Sterkar Strandir tilheyrir röð verkefna á landsvísi undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu Brothættar byggðir. Í júní 2020 var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldinu vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og -próunar, auk sérstöðu byggðalagsins. Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir fjarfund íbúa í nóvember 2020 og þar samþykkt.

Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu er markast af COVID-19 faraldrinum, og töfum á verkefninu því tengdum, er rétt að vekja athygli á því að aðilar sem hér eru kynntir sem mögulegir ábyrgðaraðilar markmiða verkefnisins hafa ekki farið í samþykktarferli fyrir ábyrgð sinni. Markmið þessi byggja á vilja íbúa og sýn þeirra á framfarir innan byggðarlagsins. Leitað verður eftir samþykki ábyrgðaraðila eftir fremsta megni. Skoða ber eftirfarandi með ofangreint greipt í huga.

Hvorki meginmarkmiðum né starfsmarkmiðum er raðað eftir mikilvægi þeirra í þessu skjali. Markmiðin verða að engu án aðkomu íbúa. Verkefninu er ætlað að valdefla íbúa.



Hugtakanotkun og orðskýringar

Brothættar byggðir:

Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.

„Brothætt byggð“:

Verkefni Brothættra byggða í einstökum þáttökubýggðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.

Byggðarlag/byggð:

Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.

Framtíðarsýn:

Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.

Meginmarkmið:

Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áhersluþáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.

Starfsmarkmið:

Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.

Stefnumótun:

Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þáttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.

Stöðugreining:

Yfirlit og greining helstu þátta er einkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.



Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Sterkar Strandir er staðan vísuð hjá Vestfjarðarstofu. Verkefnisstjóri er Sigurður Línal Þórisson.



Í stjórn verkefnisins Sterkar Strandir sitja eftirtaldir aðilar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu
- Angantýr Ernir Guðmundsson, fulltrúi íbúa
- Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Jón Jónsson, fulltrúi Strandabyggðar, formaður

- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Lína Björg Tryggvadóttir, Vestfjarðastofu

Eva Pandora Baldursdóttir veitti verkefnisstjórn formennsku fyrst í stað fyrir hönd Byggðastofnunar.

Framtíðarsýn: Strandabyggð 2025

Íbúar eru stoltir af sinni heimabyggð. Menntunar- og tómstundatækifæri barna og fullorðinna eru í fremstu röð og eftirtektarverð. Mannlífið er margbrotið og menningar- og félagsstarf þróttmikið. Allt samfélagið tekur afar vel á móti nýjum íbúum og svæðið er freistandi búsetukostur. Samfélagið leggur áherslu á sjálfbærni og sátt við náttúruna. Stórbrotið umhverfið býður upp á margvísleg tækifæri til útivistar og heilsuefning er í hávegum höfð. Atvinnulífið er fjölbreytt, með áherslu á nýsköpun, skapandi störf, ferðaþjónustu og rannsóknir, til viðbótar traustum grunnatvinnuvegum. Mannauður hefur verið kortlagður og íbúar hafa tækifæri til að nýta hæfni sína, reynslu og menntun. Innviðir eru traustir, svo sem góðar vegasamgöngur, háhraða nettenging, og gott afhendingaröryggi raforku. Hitaveitan er komin á Hólmavík og raforkukostnaður hefur verið jafnaður í dreifbýli og þéttbýli. Öflug þjónusta, kraftmikil stjórnsýsla og metnaðarfullt starfsfólk einkenna samfélagið.





STYRKLEIKAR

S

Náttúran
Félagsauður
Þjónusta við fjölskyldur
Umhverfisvitund
Landfræðileg lega
Sköpunarkraftur

VEIKLEIKAR

V

Íbúapróun
Húsnæðismál
Innviðir
Stöðnun
Fábreytni
Áhættufælni

ÓGNANIR

Ó

Tekjubrestur sveitarfélagsins
Aldurssamsetning
Höfuðborgarmiðuð hugsun
Horfur í grunnatvinnuvegum
Fjármögnunarmöguleikar
Minnkandi umferð

TÆKIFÆRI

T

Náttúran
Nýsköpun
Atvinnuþróun
Staðsetning
Vestfjarðaleiðin
Þjónustustig



Meginmarkmið

Meginmarkmið verkefnisins Sterkar Strandir eru þrípætt. Í markmiðunum felst sameiginleg sýn íbúa og annarra aðila sem að verkefninu standa um hvert skulistefna. Tilgangurmarkmiðanna er að toga samfélagið í átt að framtíðarsýninni í krafti starfsmarkmiða og aðgerða sem af þeim leiða.

- Sterkir innviðir og öflug þjónusta
- Stígandi í atvinnulífi
- Stolt og sjálfbært samfélag

Starfsmarkmið

Í tengslum við meginmarkmið eru starfsmarkmið skilgreind eftir því sem tilefni gefst til; þau eru mælanleg, tímasett, samþykkt af ábyrgðaraðila eftir því sem við verður komið, viðeigandi og raunhæf.

Hér að neðan eru starfsmarkmið merkt með þremur litum:

- **GRÆNMERKT STARFSMARKMIÐ** eru þau sem eru í vinnslu og við það að nást.
- **GULMERKT STARFSMARKMIÐ** eru þau sem tiltölulega auðvelt og fljótlegt er að hrinda í framkvæmd.
- **RAUÐMERKT STARFSMARKMIÐ** eru þau sem krefjast meiri undirbúnings og eru seintækari.

Litakóði miðast við stöðu verkefnisins á þeim tíma sem skjalið er gefið út.



Meginmarkmið 1

Sterkir innviðir og öflug þjónusta

STARFSMARKMIÐ 1.1.	Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið
	Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Frumkvöðlar (Sýslið ehf.) og verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 1.2.	Tryggja skipulagða móttöku nýbúa
	Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Sveitarfélag Eftirfylgni: Íbúar, verkefnisstjóri
	Aðgerð A: Klára íbúahandbók og móttökuáætlun Aðgerð B: Kanna möguleika á móttöku flóttamanna Aðgerð C: Átak í merkingum og uppsetningu skilta Aðgerð D: Mótun fjölmenningsarstefnu Aðgerð E: Fjölga íslenskunámskeiðum
STARFSMARKMIÐ 1.3.	Verkefni sem búa í haginn fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð
	Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Ungmennaráð, íbúar, sveitarfélag, Eftirfylgni: Verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 1.4.	Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrutafjörður þveraður.
	Tímamörk: Fyrir árslok 2030 Ábyrgð: Alþingi, Samgönguráðuneyti, Vegagerðin Eftirfylgni: Verkefnisstjóri, íbúar, Strandabyggð, Fjórðungssamband Vestfirðinga
STARFSMARKMIÐ 1.5.	Háhraðanet/5G á Hólmavík
	Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Sveitarfélag í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og ráðuneyti Eftirfylgni: Verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 1.6	Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Alþingi, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið Eftirfylgni: Verkefnisstjóri, Fjórðungssamband Vestfirðinga
STARFSMARKMIÐ 1.7	Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði
	Tímamörk: Fyrir árslok 2024 Ábyrgð: Sveitarfélag Eftirfylgni: Verkefnisstjóri
	Aðgerð A: Óska eftir viðræðum við stjórnvöld um byggingu þjónustuíbúða í Strandabyggð fyrir árslok 2021. Aðgerð B: Gera þarfagreiningu fyrir árslok 2021 Aðgerð C: Auka samstarf við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um byggingu fleiri, minni, ódýrari húsa.
STARFSMARKMIÐ 1.8	Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði
	Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, sveitarfélag, Vestfjarðastofa
STARFSMARKMIÐ 1.9	Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun
	Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Skólar, fræðslumiðstöð, sveitarfélag, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 1.10	Sameiningarmöguleikar sveitarfélagsins kannaðir með faglegri úttekt
	Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Sveitarfélag Eftirfylgni: Verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 1.11	Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum
	Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Sveitarfélag, frumkvöðlar, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 1.12	Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Sveitarfélag
STARFSMARKMIÐ 1.13	Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Alþingi, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið Eftirfylgni: Verkefnisstjóri, Fjórðungssamband Vestfirðinga



Meginmarkmið 2

Stígandi í atvinnulífi

STARFSMARKMIÐ 2.1	Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Eftirfylgni: Verkefnisstjóri Aðgerð A: Gengið frá samningum við stjórnvöld um upplýsingamiðstöð þjóðtrúar Aðgerð B: Fjölbreyttara framboð þjóðtrúartengdra ferðaþjónustufyrirtækja Ábyrgð: Frumkvöðlar, söfn og setur
STARFSMARKMIÐ 2.2	Stofnun heilsutengds ferðaþjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Frumkvöðlar Eftirfylgni: Verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 2.3	Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Alþingi, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið Eftirfylgni: Útgerðir, sveitarfélag, verkefnisstjóri Aðgerð A: Hvetja til aukakvótaúthlutunar á aflamarki Byggðastofnunar í Brothættum byggðum Aðgerð B: Efla smærri útgerðir Aðgerð C: Tryggja hagsmuni Strandabyggðar í vinnu ráðuneytis og Alþingis við endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda
STARFSMARKMIÐ 2.4	Bæta afkomu ferðaþjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri Aðgerð A: Möguleikar á kjölfestuhóteli kannaðir

Aðgerð B: Ferðaskrifstofa stofnuð

Aðgerð C: Aukin fjölbreytni í afþreyingu fyrir ferðamenn

Aðgerð D: Minnkun árstíðarsveiflu

STARFSMARKMIÐ 2.5	Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Íbúar, félög, ferðapjónar og verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 2.6	Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótakrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 2.7	Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Frumkvöðlar, sveitarfélag, verkefnisstjóri, Vestfjarðastofa Aðgerð A: Opna vinnuaðstöðu, með aðgengi að stuðningsneti Aðgerð B: Tryggja háhraðanet
STARFSMARKMIÐ 2.8	Skipuleggja og framkvæma áttak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Frumkvöðlar, KRÁS, FNV, Strandabyggð, verkefnisstjóri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Vestfjarðastofa Aðgerð A: Kortlagning núverandi atvinnulífs Aðgerð B: Kortlagning menntunar og hæfni íbúa Aðgerð C: Skapa grundvöll fyrir skrifstofu-, nýsköpunar- og þróunargarð Aðgerð D: Efla iðnám
STARFSMARKMIÐ 2.9	Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Frumkvöðlar, bændur, útgerð, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 2.10	Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, Vestfjarðastofa
STARFSMARKMIÐ 2.11	Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 2.12	Ráðning ferðamála fulltrúa til sveitarfélagsins, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög Tímamörk: Fyrir árslok 2021 Ábyrgð: Sveitarfélag Eftirfylgni: Verkefnisstjóri



Meginmarkmið 3

Stolt og sjálfbært samfélag

STARFSMARKMIÐ 3.1. Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta

Tímamörk: Fyrir árslok 2022

Ábyrgð: Félögin, ríki, sveitarfélag, íbúar, verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 3.2. Einn nýr ferðamannastaður/gönguleið gerð frá grunni hið minnsta

Tímamörk: Fyrir árslok 2021

Ábyrgð: Ríkið, sveitarfélag, íbúar, verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 3.3. Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar

Tímamörk: Fyrir árslok 2023

Ábyrgð: Frumkvöðlar, sveitarfélag, íbúar, verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 3.4. Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir

Tímamörk: Fyrir árslok 2022

Ábyrgð: Frumkvöðlar, sveitarfélag, íbúar, verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 3.5. Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð (á sjó, á skíðum, o.fl.)

Tímamörk: Fyrir árslok 2021

Ábyrgð: Frumkvöðlar, sveitarfélag, íbúar, verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 3.6. Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgörðum í sátt við samfélag og náttúru

Tímamörk: Fyrir árslok 2022

Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, Vestfjarðastofa

STARFSMARKMIÐ 3.7.	Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd þess styrkt
	Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, sveitarfélag
STARFSMARKMIÐ 3.8.	Átak í að fegra og hreinsa umhverfið
	Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Sveitarfélag, Eftirfylgni: Íbúar, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 3.9.	Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða
	Tímamörk: Fyrir árslok 2022 Ábyrgð: Sveitarfélag, NAVE Eftirfylgni: Verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 3.10.	Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Frumkvöðlar, söfn og setur, sveitarstjórn, verkefnisstjóri
STARFSMARKMIÐ 3.11.	Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, fjölmiðlar, sveitarfélagið
STARFSMARKMIÐ 3.12.	Malbikun gatna á Hólmavík
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Sveitarfélagið Aðgerð A: Hvetja sveitarstjórn til að veita fé í verkið, forgangsraða því og flýta
STARFSMARKMIÐ 3.13.	Gangstéttar á Hólmavík bættar
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Sveitarfélagið Aðgerð A: Hvetja sveitarstjórn til að veita fé í verkið, forgangsraða því og flýta Aðgerð B: Núverandi gangstéttar bættar Aðgerð C: Nýjar gangstéttar lagðar
STARFSMARKMIÐ 3.14.	Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra
	Tímamörk: Fyrir árslok 2023 Ábyrgð: Sveitarfélagið Eftirfylgni: Verkefnisstjóri



STARFSMARKMIÐ 3.15. Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir

Tímamörk: Fyrir árslok 2022

Ábyrgð: Sveitarfélagið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Eftirfylgni: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri

STARFSMARKMIÐ 3.17. Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar

Tímamörk: Fyrir árslok 2021

Ábyrgð: Sveitarfélagið, verkefnisstjóri, íbúar

STARFSMARKMIÐ 3.18 Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð

Tímamörk: Fyrir árslok 2022

Ábyrgð: Skólar, fræðslumiðstöð, sveitarfélag, verkefnisstjóri

